

FRÉTTABRÉF

FÁSES
OGAE ICELAND



EUROVISION

SONG CONTEST
MALMÖ 2013

Takk fyrir stuðninginn!



Kæru félagar,

nú er annað starfsár FÁSES við það að ná hámarki sínu. Þessi stutta hátíð sem við byggjum upp spennuna fyrir mánuðum saman er loksins að ganga í garð. Fyrir um ári fór fyrsti hópur FÁSES-meðlimaa á Eurovision í Baku og hélt fána Íslands á lofti. Sá hópur taldi tíu manns. Í ár er það nágrannaþjóð okkar sem heldur keppnina og því kannski ekki að undra að mun fleiri stukku til og nýttu sér forkaupsrétt á aðdáendapakka en að minnsta kosti 50 til 60 FÁSES-meðlimir verða á staðnum í Malmö.

Það er eitt af aðalverkefnum FÁSES að veita aðdáendum á Íslandi tækifæri til þess að fá að upplifa Eurovision í eigin persónu. Það er okkur mikið gleðiefni að þrátt fyrir að eftirspurnin hafi verið mikil í ár hafi tekist að tryggja öllum miða sem sóttu um í tæka tíð. Þeir miðar sem fóru svo í almenna miðasölu á netinu seldust upp á svipstundu og munu margir, sem ekki tilheyra einum af OGAE aðdáendaklúbbunum, því ekki komast á keppnina þótt þeir vildu.

En starfsemi FÁSES einskorðast ekki við þetta og hafa félagsmönnum boðist fjölmörg tækifæri til að hittast og deila Eurovision-áhuganum. Hefur barsvarið líklega verið vinsælast í þeim efnum. Þá hefur FÁSES notið einstaklega góðrar samvinnu við RÚV, til dæmis með því að geta boðið upp á forkaupsrétt á miðum á lokakvöld Söngvakeppninnar og með því að fá að taka þátt í sjónvarpsþáttunum Alla leið. Teljum við víst að fæstir opinberu aðdáendaklúbbana státi af svo góðu samstarfi við sitt ríkissjónvarp.

Í fréttabréfi þessu er hægt að lesa meira um það sem á daga FÁSES hefur drifið síðastliðið ár. Þar að auki er að finna umfjöllun um öll lögin 39 sem keppa í Eurovision í ár. Líkt og í fyrra þá leituðum við einnig eftir álitum félagsmanna á lögnum og má lesa um skoðanir nokkurra þeirra fyrir neðan hverja umfjöllun. Það er von okkar að þið hafið bæði gagn og gaman af fréttabréfinu og verðið óhrædd við að taka það með í Eurovision-partyið og sína vinum ykkar. Loks viljum við óska ykkur öllum gleðilegrar Eurovision-hátíðar, hvort sem þið verðið í Malmö eða í góðra vina hópi hér á klakanum.

Eurovision-stuðkveðjur frá FÁSES





Vodafone ♥ Eurovision

Söngvakeppnin er skemmtilegri á rás 800 í Vodafone Sjónvarpi. Þar geturðu horft á keppnina og fylgst um leið með skemmtilegri umræðu allra helstu Eurovision spekinga landsins á Twitter.

Við höfum umsjón með íslensku símakosningunni fjórða árið í röð og komum atkvæðum íslensku þjóðarinnar til skila.

Þín ánægja er okkar markmið

FÁSES í tölum


Það er ekki hægt að segja annað en að FÁSES hafi hlotið góðar viðtökur hjá Eurovision-aðdáendum. Fyrsta starfsárið skráðu rúmlega hundrað manns sig í félagið en nú á öðru starfsári hefur heldur betur bætt í því félagar verða brátt orðnir 250 talsins. Það er því ljóst að það var löngu tímabært að Íslendingar eignuðust sinn eigin Eurovision-aðdáendaklúbb.

Strax á meðal þeirra stærstu

OGAE klúbbarnir eru um 40 talsins og eru félagafjöldar þeirra allt frá sex manns upp í nærri þúsund en þrátt fyrir stuttan starfsaldur hefur FÁSES þegar vaxið fram úr mörgum þeirra og orðið einn af þeim fjölmennustu. Sem dæmi má nefna að í ítalska klúbbnum eru um 120 manns og í þeim franska eru 220 - næstum því jafnmargir og í FÁSES. Þá eru nú um 400 í þeim sænska og líka þeim danska, en sá síðarnefndi hefur vaxið um helming á einu ári og er það hugsanlega vegna þess að margir Danir ætla að skella sér til Malmö. Sá þýski er þó margfalt stærri en í honum eru 860 manns.

Allstaðar að úr heiminum

Öllum er velkomið að ganga í FÁSES, sama hvort maður býr á Íslandi eða ekki eða hvort maður er yfir höfuð Íslenskur. Þótt flestir meðlima FÁSES séu Íslenskir þá er vænn hluti frá öðrum löndum. Má þar nefna Danmörku, Svíþjóð, Ísrael, Portúgal, Sviss, Noreg, Bretland. Þá eru þó nokkrir félagar frá Bandaríkjunum - kannski af því við erum næsta land við Bandaríkin sem tekur þátt?



Sissel ásamt Jónsa og Gretu í Baku.

FÁSES-liðar til bjargar í Baku

Þeir sem hafa farið á Eurovision vita það að mikil stemning getur myndast á Euroclub - skemmtistaðnum sem árlega er settur upp í þeirri borg sem hýsir Eurovision. Aðdáendum í Baku þótti þó heldur lítið til Euro-klúbbsins koma það árið en þá ákváðu fjórir meðlimir FÁSES, sem voru á staðnum, að taka málin í sínar eigin hendur.

„Aðgengi að klúbbnum var takmarkað fyrir aðdáendur og oft voru það bara þeir sem voru með blaðamannapassa fengu að komast að,“ segir Sissel Irene Kristoffersen, FÁSES-meðlimur. „Þar að auki var ekki einu sinni alltaf verið að spila Eurovision-tónlist þar. Svo það virtist sem Aserbaídsjannar hafi ekki alveg skilið mikilvægi Euro-klúbbsins, enda er þjóðin nokkuð ný í Eurovision“.

Þegar hún og félagar hennar höfðu fengið nóg af því að geta hvernig dansað saman við Eurovision-tónlist fengu þau hugdettu. „Allt í einu datt okkur í hug að athuga hvort við gætum ekki reddað málunum sjálf, því við vissum að aðrir aðdáendur voru okkar sammála og allir þráðu alvöru Eurovision-partý. Við tölum við hóteltjórann þar sem við

gistum og fengum hóteltgarðinn að láni og svo tölum við stjórna OGAE International og vini okkar sem voru plötusnúðar. Innan við 24 tímum seinna var partyið komið í gang.“ Og viðtökurnar stóðu ekki á sér. „Við vorum að vona að svona hundrað manns mættu en á endanum voru það yfir 400 manns sem mættu! Hamingjan skein af fólkinu sem hafði beðið eftir að geta djammað við Eurovision-tónlist eins og við erum vön. Og meira að segja dansararnir frá Moldavíu dönsuðu með okkur frá svölunum sínum,“ segir Sissel sem var að vonum ánægð með hvernig fór. Í ár hefur svo verið gefið út að hugsað verði betur um aðdáendur og því vonandi að FÁSES-liðar þurfi ekki að koma til bjargar á ný.

VHÐ ELSKUM EUROVISION



KRINGLAN OG LAUGAVEGUR 44 · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS

Árið hjá FÁSES

Það er á nógu að taka þegar litið er yfir annað starfsár FÁSES. Fyrir um ári hittumst við í sjónvarpssal og kvöddum Jónsa og Gretu en fengum einnig að berja búninga þeirra augum. Tíu FÁSES félagar fylgdu þeim svo alla leið til Baku. Á úrslitakvöldinu, stuttu síðar, bauðst félögum svo sérstakur díll á Eurovision-ball Páls Óskar – síðasta ballið á Nasa. Svo kom sumarið en strax að hausti vorum við mætt aftur til leiks. Þá var haldinn aðalfundur þar sem kosið var til stjórnar en að formsatriðum loknum gátu félagsmenn gefið Euro-nörðinu lausan tauminn í barsvari. Næstu vikur voru að miklu leyti undirlagðar af skipulagsmálum tengdum miðakaupum en það var stór hluti félagsmanna sem nýtti sér

forkaupsrétt á aðdáendapökkum á aðalkeppnina í Malmö. Eins og hendi væri veifað var allt í einu komið að Söngvakeppninni! Eins og árið áður þá fengu FÁSES-meðlimir forkaupsrétt á miðum í Hörpu og nýttu fjölmargir félagar sér það. Þar að auki hittumst við á Munnhörpunni fyrir keppnina og gæddum okkur á snittum. Við fylgdu mest líka með forkeppnum annarra landa og í mars hittumst við á Kringlukuránni og horfðum á Melodifestivalen í Svíþjóð. Nokkrum vikum seinna var skellt í annað barsvar á Næsta bar en í þetta sinn var það hún Steinunn, sem er sannkallaður barsvarsmeistari, sem var við stjórnvölinn og stóð hún sig með þrýði. Annað árið í röð tók FÁSES þátt í sjónvarpsþáttunum Alla leið, en það eru ekki allir OGAE klúbbar sem njóta svo góðs samstarfs við sitt ríkissjónvarp. Fjölmargir tóku svo þátt í starfinu á netinu, t.d. með því að kjósa í Second Chance keppninni hjá OGAE og með því að leggja orð í belg á Facebook. Það er því búið að vera nógu um að vera hjá FÁSES þetta starfsárið og við vonum að næsta ár verði jafnvel enn viðburðarríkara..



Af hverju Ísland?

Rui Baptista-Gonzalves er einn þó nokkurra FÁSES-meðlima sem ekki kemur frá Íslandi. Hvers vegna vildi hann vera með í FÁSES? "Ég hef alltaf verið mikill stuðningsmaður Íslands í Eurovision", segir

Rui sem bætir við að lag Ingibjargar Stefánsdóttur frá 1995 (Þá veistu svarið) sé eitt af hans upphaldslögum í keppninni en að lag Páls Óskars sé einnig í miklu upphaldi hjá honum. "En hin ástæðan er sú að ég og Eurovision-vinir mínir, sem eru frá mörgum mismunandi löndum, vildum vera í sama OGAE klúbbi og við vorum öll sammála um að það væri tilvalið að velja íslenska klúbbin. Svo er Portúgal ekki með í keppninni í ár þannig ég mun glaður halda íslenska fánanum á lofti!"



Í framlínunni!

FÁSES-meðlimir eru ekki bara á áhorfendabeknum þegar kemur að Söngvakeppni Sjónvarpsins en í ár tóku að minnsta kosti tveir meðlima þátt með beinum hætti. Einn þeirra er Hreindís Ylva en hún söng sig inn í hjörtu þjóðarinnar ásamt Svavari Knúti. Sérstaklega gaman er svo að því að FÁSES-meðlimir völdu einmitt lagið þeirra, Lífið snýst, sem fulltrúa Íslands í Second Chance keppninni á vegum OGAE. Hinn FÁSES-meðlimurinn sem keppti í Söngvakeppninni í ár er Sveinn Rúnar Hauksson, en hann þarf vart að kynna. Hann var höfundur að hvorki meira né minna þremur framlögum í keppninni í ár en hann hefur tvisvar sámið framlag Íslands, Heaven 2004 og Valentine's Lost 2007.

Identitet



Hey, hey (x4)

Kam ardhur nga larg
Nën pluhurin e kohës gjeta re
edhe mallkim

U gjenda unë shumë pranë e
preka veç flakë e zjarr
Unë fola veç në heshtje desha pak
jetë, lavdi

Dhe kur ndava ëndrrën gjeta

Një rreze dritë, pak frymë si ti (x2)

I ardhur nga larg

Ke etje ke mall kur sheh
çdo gjë që ndryshon
Vetë jeta iken shkon, ti te kjo
gjuhë kërkon

Eshtë vendi ku u linde, rrite,
ndave trimërinë

E fale dashurinë ndër vite

Vrapove ti gjete lirinë (x2)

Hey, hey (x4)

Na rriti kjo tokë

Do flasim ne veç një gjuhë kështu
s'do ketë me lot

Do gjendesh kudo nëpër botë i
huaj më s'do jesh

Le të jete fillimi ri
në bashkë në vëllazeri

Se kur ndava ëndrrën gjeta

Një rreze dritë, pak frymë si ti

Vrapove ti gjete lirinë

Një rreze dritë, pak frymë si

ti Vrapove ti gjete lirinë

(x2)



Titill: Identitet

Flytjendur: Adrian Lulgjuraj & Bledar Sejko

Lag/texti: Bledar Sejko, Eda Sejko

Þeir Adrian og Bledar eiga nokkuð erfitt verk fyrir höndum ætli þeir sér að jafna árangur Ronu Nishliu fyrir Albaníu í fyrra en hún náði þar fimmta sæti. Það þætti kannski ekki svo ýkja merkilegt í sumum löndum en þetta var besti árangur í sögu Albaníu í Eurovision. Annars hefur Albanía alltaf hafnað í 16. sæti eða neðar, fyrir utan fyrsta árið sitt, 2004, þegar þau lentu í 7. sæti. Í ár verður tíunda sinn sem þjóðin tekur þátt og til starfsins völdust unglögfræðingur og rokkari í eldri kantinum. Sá eldri, Bledar, hefur reyndar áður staðið á Eurovision-sviði en það var sem bakrödd árið 2011 (Feel the passion).

- Man ekki einu sinni eftir því hver er að flytja það. (Gísli Ólason Kærnested)

- Byrjar vel, en verður svo dálítið einhæft. Gæti verið líflegt á sviði. (Lovísa Árnadóttir)

Lonely Planet



Who's the one
that starts a war?

Who's dictating what is less
and more?

Who can change the night
and day?

Who's the one with clever face?

That can tell us what is
in the space?

Playing games that none can play

Maybe someday we'll
break the wall

Maybe the light will touch us all

Lonely planet, who has done it?

Who can save you?

Who can stop it?

(x2)

Who's the one that has the right?

Treat us wrong and tell us
what is right?

Bringing crowd against the squad

Who has honesty to show?

Who can tell us "I don't know"?

Who's the man and
who's the god?

Maybe someday
we'll break the wall

Maybe the light will touch us all

Lonely planet, who has done it?

Who can save you?

Who can stop it?

(x2)

Lonely planet, we have done it

We can save you, we can stop it

Lonely planet, we have done it

We can save you, we can stop it

We can stop it, we can stop it

We can stop it, we can stop it

For the world

Armenía

Titill: Lonely Planet

Flytjendur: Dorians

Lag/texti: Toy Iommi/Vardan Zadoyan

Eftir eitt ár í sjálfskipaðri útleið frá Eurovision snúa Armenar til baka en þeim hugnaðist ekki að taka þátt þegar keppnin var haldin í Aserbaídsjan vegna langvarandi nágrannaerja þjóðanna. Nú tefla þeir fram rokksveitinni Dorians sem mun vera ein sú allra vinsælasta í heimalandinu. Lagið er hins vegar samið af Tony Iommi en sá er betur þekktur sem gítarleikari hljómsveitarinnar Black Sabbath, sem Ozzy Osbourne var meðal annars í. Þeir sem eru sérlega glöggir kannast kannski við söngvara hljómsveitarinnar, Gor Sujyan, en hann var bakraddasöngvari í armenska laginu Apricot Stone árið 2010. Lagið heitir Lonely Planet en textinn er saminn af Vardan Zadoyan sem samdi einnig textann við lagið Jan Jan frá Armeníu 2009.

- Mjög gott lag, sem væri í spilun á útvarpsstöðvum með frægri hljómsveit, ekki spurning. Efast ekki um að þetta fljúgi í úrslit, ef þeir flytja þetta jafnvel live og í myndbandinu. Og alveg óháð frægð lagahöfundarins, Tony Iommi – enda eru aðdáendur hans sennilega ekki að kjósa í Eurovision. (Lovísa Árnadóttir)

Hold Me



Should have seen it
coming when I saw you
Should have had the sense to stop
and walk away
It was gonna turn out complicated
We've hit overload,
about to explode

If love was a mountain

I'd climb up to
the highest of them all
I'd swim across the ocean
if you'd call
I'm lost in your smile
Freefalling for miles

Hold me, just unfold me
Unchain my soul, give me love,
make me whole
Hold me, if it's only for this
moment in time
Now I'm yours and your mine
So hold me

Take a little time
then you'll know better
Then to think about giving in on
the one you love
Can we go back
and freeze the moment?
Where we used to be free,
was only you and me

(Viðlag)

Remember how we used to laugh
But now you're running
from the past
Let's find a way to carry on
Remember how love used to be
You said I was your fantasy
Can't take another night alone
So come on home

(Viðlag)

Aserbaídsjan

Titill: Hold Me

Flytjandi: Farid Mammadov

Lag/texti: Kontopoulos/Ballard, Al Fahel

Undankeppnirnar átta sem haldnar voru í Aserbaídsjan gáfu ekki endilega tilefni til mikillar bjartsýni í upphafi, en þar fengu alls 70 misgóðir listamenn að spreyta sig og munu einhverjir þeirra líklega aldrei stíga á svið framar. Hinn 21 árs gamli Farid Mammadov er sannarlega ekki einn af þeim því hann vann hug og hjörtu þjóðar sinnar með góðum flutningi og framkomu. Eins og oft áður þá er lagið hins vegar ekki samið af heimamanni. Gríski höfundurinn Dimitris Kontopoulos er ekki að stíga sín fyrstu skref í Eurovision því hann samdi gríska framlagið 2009, This is our night, sem Sakis Rouvas flutti. Þá útsetti hann lagið Shady Lady sem skilaði Ani Lorak öðru sæti fyrir Úkraínu árið 2008. Það er því ekki hægt að tala um stefnubreytingu hjá Aserum, enda hefur þeim gengið vel á þessari braut.

- Cool song but nothing special, not sure it will impact the audience (Anthony Cige)

- Although it sounds like a song out of eurovision back in the 1990's, I like it. (Dekel)

- Ferlega smellin og falleg melódía og Farid virðist ná að syngja vel "live" :-) Pottþétt topp-10 lag í ár tel ég! (Doddi Jónsson)

Shine



When hurt
is all you're feeling
You're heart
is slowly bleeding
There're only memories
to hold on to
When you almost
stopped believing
Cold, alone and freezing
You think you're lost but don't
know where to go
Look up to the starlit sky
Reignite the fire

You will shine, shine
And fight the shadows in the sky
You will shine
I see the light in your eyes
You will shine, shine
And fight the shadows in the sky
Oh you will fly up high
The light is in your eyes
Trust me you will shine

Time is always healing
And answers are revealing
Sometimes they're simply right
before your eyes
But when you're
down here kneeling
There is no chance to see it
You can when all these dark
clouds disappear
Look up to the starlit sky
Reignite the fire

(Viðlag)

Still alive and breathing (x5)

(Viðlag)



Austurríki

Titill: Shine

Flytjandi: Natália Kelly

Lag/texti: Grass, Paryla, Kahr/Grass, Paryla, Kelly

Meðal þess sem hin 18 ára Natália Kelly þurfti að gera til að vinna miðann frá Austurríki til Malmö var að syngja lagið *Ne partez pas sans moi* sem Celine Dion söng til sigurs fyrir Sviss árið 1988. Það hlýtur hún að hafa gert vel því hún sigraði með glæsibrag en stúlkan er sviðsvön – hefur tíu ára reynslu af tónlistarbransanum þrátt fyrir ungan aldur. Lagið sem hún flytur heitir *Shine*, en þess má geta að það er þriðja Eurovision-lagið á þessum áratug sem ber þennan titil. Óvíst er þó hvort Natália hafi vitað það en hún er aðflutt til Evrópu og á ættir sínar að rekja til Bandaríkjanna og Brasilíu.

- *Great beats, liked it from the start (Anthony Cige)*

- *Ágætis lag en það er eins og það vanti eitthvað til að það sé frábært lag. Kemst samt áfram. (Gísli Ólason Kærnested)*

Love kills



So the arrow shot
right through her heart
and rocked her to the core
And she fell so deep
like she had never
fell so deep before

But the pain was
almost unbelievable
When the end was near, she
felt the fear alive, alive, alive
Waiting for the bitter pill, give
me something I can feel
'Cause love kills over and over,
love kills over and over

Waiting for the bitter pill,
something I can truly feel
'Cause love kills over and over,
love kills over and over again

'Cause he didn't fight for life
when he was
up against the wall
And he felt so scared
for both of them,
even though they had it all

There's a lesson that you
always have to learn
Through the consequence of
fire comes the burn

Viðlag

One last, one last,
one last breath for life
Won't you give me, give me
hope tonight?

Viðlag



Belgía

Titill: Love Kills

Flytjandi: Roberto Bellarosa

Lag/texti: Iain James, Jukka Immonen

Líkt og litli ljóti andarunginn skar Roberto Bellarosa sig úr í íþróttamiðaðri fjölskyldu sinni. Níu ára gamall snéri hann baki við íþróttum og helgaði sig í stað tónlistinni. Innan við áratug síðar sigraði hann svo í hæfileikakeppninni The Voice í heimalandinu og í kjölfar útgáfu eigin smáskífu bauðst honum að verða fulltrúi Belgíu í Eurovision. Lagið Love Kills var svo valið fyrir hann í útvarpsþætti – sem er í takt við fremur lítinn áhuga Belga á Eurovision. Með sjarma vandræðalega unglingsins að vopni mun Roberto reyna að sigra hjörtu álfunnar en lagið er samið af Ian Farquharson sem var einn af þremur höfundum sigurlags Aserbaídsjan, Running Scared. Til gamans má geta að Roberto ferðaðist í fyrsta skiptið með flugvél til þess að taka upp lagið í stúdíói í Finnlandi.

- Great improvement from the demo version initially presented, I really hope it goes to the final. (Anthony Cige)

- Það er eitthvað sem grípur mig í þessu lagi. Það er svona smá Friðrik Ómars-stíll á þessu. (Henný Árna)

Believe In Me



You say you don't believe
in signs from up above
And you laugh at the thought of
putting your faith in stuff like love
You never see the rainbow, you
just curse the rain, you say
You wanna believe but it's just not
worth the pain today

But that's all fine if that's how you
want it to be
But if you're feeling alone and
afraid and you can't breathe

Believe in me, yeah
Believe in me, yeah

Believe in the way I look at you
and stand beside you
The way I speak the truth, I'd
never lie to you
If you'd just believe in the things
that your eyes can't see
Believe in me

You come and you go and there's
never no compromise, that's why
The seconds and the minutes of
your life go crawling by

But that's all fine if that's how you
want it to be
But if you're feeling alone and
afraid and you can't breathe

(Vidlag)

What ya gonna do when your ship
is sinking?

And you're crying out for help and
just the seagulls listening
In the dark of the night, in the
middle of the fight
When you're reaching out for
something and there's nothing

(Vidlag)



Titill: Believe In Me

Flytjandi: Bonnie Tyler

Lag/texti: Child, Christy, Braide

Það verður ekkert af því skafið að Bonnie Tyler er með stærri nöfnum sem stigið hafa á svið í Eurovision en þrátt fyrir að langt sé liðið frá gullöldinni á hennar ferli þá eru fáir sem ekki kannast við lög á borð við Total Eclipse of the Heart og Holding Out for a Hero. Bonnie þurfti auðvitað ekki að ganga í gegnum undankeppni í heimalandinu heldur var hún handvalin til verksins af BBC. Ljóst er að gengi Engelberts Humperdincks í fyrra hafa verið vonbrigði fyrir Breta, sem líklega hugðust nýta sér hans fornu frægð. Frægð Bonnie er töluvert minna forn og verður því forvitnilegt að sjá hver örlög hennar verða í keppninni og hvort Bretar neyðast til að breyta um strategíu að ári.

- *A nice surprise and a legend comes to Eurovision this year. A good quality song and what a special voice. Great pick UK. (Bastien Venturi)*

- *Bretar hafa farið þá leið síðustu ár að tefla fram stórstjörnum í Eurovision. Þeir fara sömu leið í ár með Bonnie Tyler. Lagið er flott og hún frábær söngkona en ég sé samt ekki að hún sé að fara að gera neina stóra hluti í keppninni. (Henný Árna)*

Samo shampioni

Samo shampioni,
samo shampioni

Prelitat visoko i nadaleko
Skachat i se smeiat i sylzi se
leat

Vsichkite yunatzi, te sa nai-
dobrite

Smeli v igrите, silni vyv
dushite

Samo divi, samo shampioni
Zlatni momtzi, momi za
milioni

Ima li mladi, ima li ludi
Ttsialo selo doide, peite, ne
se bojte

Samo shampioni, samo
shampioni

Ima li mladi, ima li ludi
Tsialo selo doide, peite, ne
se bojte

Eh... ah... ah... ah... ji...

Samo divi, samo shampioni
Zlatni momtzi, momi za
milioni

Samo divi, samo shampioni
Zlatni momtzi, momi za
milioni

Samo divi, samo shampioni
Zlatni momtzi, momi za
milioni



Titill: Samo Shampioni (Only Champions)

Flytjendur: Elitsa Todorova & Stoyan Yankulov

Lag/texti: Todorova/Talev

Búlgarir taka nú þátt í Eurovision í níunda sinn en gengi þeirra hefur verið einkar slæmt, fyrir utan árið 2007 þegar þeir höfnuðu í fimmta sæti. Það var einmitt eina skiptið sem þeir komust inn í aðalkeppnina og var það með laginu trommutryllingnum Voda, í flutningi Elitsu Todorova og Stoyan Yankulov. Það er því ekki að undra að leitað hafi verið á náðir þeirra á ný í þeirri von um að þeim takist að leiða þjóðina í lokakeppnina enn á ný. Þau munu stíga á svið næst á undan Íslandi í forkeppninni en ólíkari lög má varla finna í keppninni. Það er því spurning hvort lögin munu styðja við hvort annað eða taka athygli frá hvoru öðru.

- *Great show in Amsterdam, was excellent (Anthony Cige)*

- *Langtum verra lag en þau skötu hjú voru með 2007. Er ekki að heilla mig. (Dodd Jónsson)*

- *Flottur hljómur í þessu lagi. Vona að þeim gangi vel. (Gísli Ólason Kærnested)*

- *Like this energetic Bollywood soundtrack kind of sound. Quite original. (Bastien Venturi)*

Only teardrops

The sky is red tonight
We're on the edge tonight
No shooting star to guide us

Eye for an eye,
why tear each other apart?
Please tell me why,
why do we make it so hard?

Look at us now,
we only got ourselves to blame
It's such a shame

How many times
can we win and lose?

How many times
can we break the rules?

Between us – only teardrops

How many times
do we have to fight?

How many times
till we get it right?

Between us – only teardrops

So come and face me now
Here on the stage tonight
Let's leave the past behind us

Eye for an eye,
why tear each other apart?
Please tell me why,
why do we make it so hard?

Look at us now,
we only got ourselves to blame
It's such a shame

Viðlag

(Tell me now) What's gone
between us has come between us

Only teardrops

(Tell me now) What's gone
between us has come between us

Viðlag

Oh... only teardrops (x2)

Viðlag



Danmörk

Titill: Only Teardrops

Flytjandi: Emmelie de Forest

Lag/texti: Cabble, Jacobsen, Stengaard

Það var hin nítján ára Emmelie de Forest sem vann miðann yfir Ermasundsbrúna frá Köben til Malmö, um 30 kílómetra leið. Það mætti raunar kannski titla hana sem Emmelie prinsessu því í henni rennur blátt blóð. Langa-langamma hennar var nefnilega engin önnur en Viktoría Bretadrottning en amma Emmelie var óskilgetið lausaleiks barn Játvarðs sjöunda Bretakonungs, sonar Viktoríu. Ýmsir hafa gefið í skyn að Emmelie sé að herma eftir Loreen með því að syngja berfætt en það segist hún hins vegar hafa gert árum saman. Emmelie sigraði örugglega í dönsku söngvakeppninni með lagið Only Teardrops en þar atti hún meðal annars kappi við Brinck sem keppti fyrir hönd Dana árið 2009. Einn höfunda lagsins var einnig höfundur að framlagi Dana árið 2011 (New Tomorrow) og 1995 (Fra Mols til Skagen). Only Teardrops hefur verið spáð sigri af mörgum veðbönkum þetta árið og því vert að fylgjast vel með er þessi prinsessa stígur á stökk.

- Danir eru með'etta í ár, einsog svo oft áður. Íraska flautan sendir ánægjuhroll niður bakið á mér og mig langar að dansa berfætt og fá mér træbaltattú í hvert sinn sem ég heyri þetta lag. Áfram Danmörk!!! (Kristín H. Kristjánsdóttir)

Et uus saaks alguse



Ma mäletan veel
kui tuli mu hinge,
et jääda, see tunne nii suur.
Samas nüüd seisan ma teel
vaadates südame sisse,
seal viliseb tuul.

Aga tean, ma tean,
kõik võib muuta heaks.
Iga uks, mis kord sulgub,
see avaneb taas.

Veel sulab jää ja õide
puhkeb raagus puu.
Iga lõpp ei ole muud,
kui algus uus.

On vaja ööd,
et päev tooks valguse,
et uus saaks alguse.

Mis möödund, jäägu kaugele,
et uus saaks taas alguse.

Kardin avaneb taas.

On algamas järgmine vaatus,
kus tõusta saan maast.

Sama hing, kuid uus
mäng veel eesmuudetud
saab minu saatus,
saab uueks mu tee.

Ja ma tean, ma tean,
kõik võib muuta heaks.
Iga uks, mis kord sulgub,
see avaneb taas.

Veel sulab jää ja õide
puhkeb raagus puu.
Iga lõpp ei ole muud,
kui algus uus.

On vaja ööd,
et päev tooks valguse,
et uus saaks alguse.

Mis möödund, jäägu kaugele

(Viðlag x2)

Eistland

Titill: Et uus saaks alguse

Flytjandi: Birgit

Lag/texti: Mihkel Mattisen/ Soro, Mattisen

Það ríkir mikil bjartsýni og hamingja hjá fulltrúum Eistlands í ár þar sem söngkonan Birgit og lagahöfundurinn Mihkel eiga von á sínu fyrsta barni. Það má því segja að titill lagsins sé við hæfi en hann þýðir Nýtt upphaf á eistnesku. Birgit kom fyrst fram á sjónarsviðið í Idol-keppninni í heimalandinu árið 2007 en síðan þá hefur hún verið í ýmsum hljómsveitum, tekið þátt í söngleikjum og meira að segja verið valin söngkona ársins í Eistlandi. Hún hefur tvisvar áður sóst eftir því að flytja framlag Eistlands í Eurovision (2008 og 2012) en ekki haft árangur sem erfiði fyrr en nú. Eistar unnu annars keppnina árið 2001 en hafa hlotið misjafnt gengi síðan þá.

- Ég er ennþá með Kuula-lagið frá Ott Lepland á heilanum frá því í fyrra. Þetta lag jafnast ekki á við það en þetta er engu að síður fallett lag og á skilið að vera í úrslitum. (Henný Árna)

- Fallett lag og fallett tungumál en verður á mörkunum með að komast áfram. (Gísli Ólason Kærnested)

Marry Me

Spying on you undercover,
drinking coffee with your mother

Am I getting closer?
Baby, I feel like a sinner,
skipping dinner to get thinner
Where is my proposal?

I'm your slave
and you're my master
Oh baby, come on, take a shot

So marry me,
I'll be your queen bee
I'll love you endlessly
I'll do it for you, for you, for you
Yeah, I do'll it for you
Marry me, baby

I'll play your game,
I'll change my last name
I'll walk the walk of shame
I'll do it for you, for you, for you
Yeah, I do'll it for you,
Marry me, baby

Oh oh, oh oh oh, ding dong (x2)

I know where
the future's heading,
I can see my perfect wedding
Isn't that just bracing?

I don't think that I know ladies
who will give you cuter babies
Isn't that amazing?

I'm your slave
and you're my master
Oh baby, come on, take a shot

(Viðlag)

Oh oh, oh oh oh, ding dong
Oh oh, oh oh oh, ding dong
Oh oh, oh oh oh oh, ding dong
Oh oh, oh oh oh, ding dong



Titill: Marry Me

Flytjandi: Krista Siegrids

Lag/texti: Siegrids, Nyholm, Karlsson, Lundström

Þriðja árið í röð kemur fulltrúi Finna í Eurovision úr hinum sænskumælandi minnihluta landsins, sem samanstendur einungis af rúmum fimm prósentum þjóðarinnar. Krista Siegrids er 27 ára kennaranemi sem einnig hefur sinnt tónlist sinni síðustu ár. Þótt hún sé ekki enn útskrifuð má kannski segja að hún sé þegar komin í smá kennslukonugír í laginu. Hún er í minnsta lagi afar ákveðin þegar hún notar boðhátinn til að fara fram á bónorð frá ástmanninum. Í finnsku undankeppninni klæddist hún svo brúðarkjól sem einn og sér ætti að skapa henni nokkra sérstöðu, þótt það verði ekki í fyrsta sinn sem brúðarslör sést á sviði í Eurovision (Moldavía 2006). Nú verður spennandi að sjá hvort Evrópubúar munu fara á skeljarnar fyrir Kristu – eða í það minnsta gefa henni atkvæði.

- A fun and comic song with a colorful matching show. One to bring a smile on the face of the viewers and surely fun to dance to at the euroclub. The singer seems to have quite a character! (Dekel)

- Fáránlegur texti en það hefur ekki verið ljóður í Eurovision :-) Guilty pleasure-lag eins og San Marínó var í fyrra :-)
(Doddi Jónsson)

L'enfer Et Moi



Tu m'as mise K.O d'entrée
Il faut croire que j'ai bien aimé
Liens de cuir et mains de soie

Qui blesses-tu et dans quel port
Jusqu'à faire rougir l'aurore?
Tu m'as jeté comme un sort

Je vais te faire l'enfer
De là où tu te perds
Regarde bien derrière
Et ce sera moi

Tu m'as fait pleurer à vif
Mon cou porte encore ta griffe
J'aimais échanger de peau
No limits, c'est un classique
J'aimais nos amours toxiques
Celles qui font que tout est beau

Je vais te faire l'enfer
De là où tu te perds
Regarde bien derrière

Je vais te faire l'enfer
De là où tu te perds
Regarde bien derrière
Et ce sera moi

Je vais te faire l'enfer
Tu vas manquer d'air
A moins une, à moins que
On se retrouve à deux
A moins qu'il nous faille
Renoncer aux batailles

Je vais te faire l'enfer
Tu vas manquer d'air
A moins une, à moins que
On se retrouve à deux
A moins qu'il nous faille
Renoncer aux batailles

Je vais te faire l'enfer
Tu vas manquer d'air
A moins une, à moins que
On se retrouve à deux
A moins qu'il nous faille
Renoncer...

Je vais te faire l'enfer

Frakkland

Titill: L'enfer Et Moi

Flytjandi: Amandine Bourgeois

Lag/texti: David Salkin, Boris Bergman

Enn á ný hafa Frakkar valið fulltrúa sinn í Eurovision með innanhússákvörðun hjá ríkissjónvarpinu, en í þetta sinn var sérfræðinganefnd láatin velja lagið úr hópi 18 laga. Söngkona lagsins, Amandine Bourgeois, skaust upp á stjörnuhimininn í stjörnuleitarkeppni líkt og margir af keppendum ársins. Annar höfunda lagsins, Boris Bergman, hefur samið tvö Eurovision-lög – bæði fyrir Mónakó. Það fyrra hét Un Train Qui Part og hafnaði í 8. sæti ári 1973 og hið síðara, Une Chanson C'est Une Lettre, hafnaði í 13. sæti árið 1975. Frakkar hafa ekki átt sérlega góðu gengi að fagna í Eurovision á þessari öld, að minnsta kosti ekki miðað við glæsta fortíð sína. Þeir hafa einungis einu sinni komist í efstu 10 sætin á síðust 10 árum en það var árið 2009 með laginu Et s'il fallait le faire (Patricia Kaas).

- *Mér finnst franska lagið frumlegt, kannski er hún að stæla Lady Gaga or what :) (Guðný María)*

- *Bara eitt orð yfir franska lagið: kúúúúúúúúúú. Hlakka til að sjá hana á sviðinu. (Gísli Ólason Kærnested)*

- *Ég dýrka þetta lag, finnst það æðislegt. Það er líka eitthvað svo sexí við frönskuna hér ... fróðlegt verður að sjá hversu langt það nær! (Doddi Jónsson)*

Waterfall

There's no me without you
Don't know what I would do
You're my heartbeat, I'm
breathing because of you

There's no world without us
Dreams would turn into dust
You're the reason, the reason I
make it through

Feels like I'm flying,
like if I had wings
Like I am sailing
on a sea of dreams
You're love
is pouring down on me,
you're my waterfall

In a moment like this
I'm in a state of bliss
I'm swept away, I look into an
open sky

Feels like I'm flying,
like if I had wings
Like I am sailing
on a sea of dreams
You're love
is pouring down on me,
you're my waterfall

My heart is higher
than the highest kite
I feel how all your love
surrounds me
standing in a waterfall

Feels like I'm flying,
like if I had wings
Like I am sailing
on a sea of dreams
You're love
is pouring down on me,
you're my waterfall



Georgía

Titill: Waterfall

Flytjendur: Nodi Tatishvili & Sophie Gelovani

Lag/texti: Thomas G:son & Erik Bernholm/G:son

Eftir að hafa fylgst með nágrönnum sínum í Aserbaídsjan verða nafli Evrópu í þrjár klukkustundir virðast Georgíumenn hafa ákveðið að grípa til sinna ráða – eða kannski heldur grípa til sömu ráða og Aserar. Þeir hafa nefnilega ráðið sænskan lagahöfund til að klæðskerasníða Eurovision-framlag fyrir sig, og það engan aukvisa. Thomas G:son hefur samið alls átta lög sem hafa keppt í Eurovision, þar á meðal Euphoria sem sigraði í fyrra. Lögin hans hafa keppt fyrir fimm mismunandi lönd en hann hefur einnig tekið þátt í undankeppnum tíu landa með önnur 56 lög – flest í Svíþjóð. Lagið verður flutt af hinum ungu og sjarmerandi Nodi og Sophie sem sameina klassískan söng og popptónlist í ekta Eurovision-kraftballöðu.

- Hrikalega væmið, það er klárt mál, en þessi væmni virðist af einhverjum ástæðum vera að ná til mín... veit ekki alveg hvað er málið en ég held barasta svei mér þá að ég fli þetta!!! Hvað er að fréttu með það??? (Kristín H. Kristjánsdóttir)

- Þetta er besta lagið sem þau hafa sent í keppnina. Rómó með kertaljósi og kósiheitum. (Gísli Ólason Kærnested)

Alcohol is free



Mas vrik' i trikimia
Mesa stin Egnatia

Boforya mas travane st' anihta
Sa lathos na 'n' i rota
Pyos pezi me ta fota?
Ki i plori mas travai ya Grevena

Se mya thalassa whiskey*Navayi
ke pyos mas vriski
Ke zalizete, treklizi ol' i yi
Me kefali surotiri
Ke t' amaxi trehadiri
Pyos tu evale pidhalyo ke pani?

Alcohol, alcohol, alcohol is free
Alcohol, alcohol, alcohol is free
Alcohol, alcohol, alcohol is free
Alcohol is free (x2)

Kima ke lisomanai
Ki i gorgona na rotai
Ma o Alekos ta 'hi pyi kali kira
Mesopelaga fanari
Vre mas pirane habari
Pyos piye to spitaki mu makrya,
(makrya!) makria?

Mas vrik' i trikimia
Mesa stin Egnatia
Boforya mas travane st' anihta
Sa lathos na 'n' i rota
Pyos pezi me ta fota?
Ki i plori mas travai ya Grevena

Mas vrik' i trikimia
Mesa stin Egnatia
Boforya mas travane st' anihta
Sa lathos na 'n' i rota
Pyos pezi me ta fota?
Ki i plori mas travai ya Grevena

Dhe mas 'ftegan ta whiskakya
Boba itan ta pagakya
Ke to skafos ehi rodhes telika
Alkotest ke trohonomos
Dhen ine ya mas o tromos
Katifora mes sti thalass' arhina
(Viðlag x2)



Titill: Alcohol is free

Flytjendur: Koza Mostra með Agathonas Iakovidis

Lag/texti: Ilias Kozas/Stathis Pachidis

Það olli töluverðu fjaðrafoki í fjölmiðlum þegar það spurðist út að Grikkland hygðist ekki taka þátt í Eurovision í ár vegna fjármálakreppunnar. Óttuðust margir að fleiri þjóðir í fjármálakröggum myndu fylgja fordæmi Grikkja, en áhyggjurnar voru sem betur fer óþarfar þar sem Grikkir leystu vandann með því að fá einkasjónvarpstöðina MadTV til að taka að sér verkefnið. Þeir leystu það vel af hendi og var úrslitakeppnin í Grikklandi í ár mun glæsilegri en keppnin í fyrra, sem var haldin í verslunarmiðstöð! Lagið Alcohol Is Free verður flutt af hinum 58 ára þjóðlagasöngvara Agaþonas Lakovidis ásamt öllu yngri töffurum sem skipa rokksveitina Koza Mostra. Skál í boðinu!

*- Again, great song, very catchy, interesting message ;-)
Will do well! (Anthony Cige)*

- Já! Þetta er svo yfirmáta hresst og hallærislegt Og þeir eru nú ekkert að meiða augun í manni if you know what I mean. Og gamli kallinn er krútt fyrir allan peninginn. Er klár á því að svona myndu Hvanndalsbræður og Steindór Andersen hljóma á grísku. (Kristín H. Kristjánsdóttir)

Birds



Isolated from the outside
clouds have taken all the light
I have no control
it seems my thoughts wonder all
of the time
when I try to live life without you

Birds falling down the rooftops
out of the sky like raindrops
no air, no pride
birds

If being myself is what I do wrong
than I would rather not be right
hopes turned into fear
and with my one wing
I can't fly with sunrise
embrace my dreams tight
and that's why

Birds falling down the rooftops
out of the sky like raindrops
no air, no pride
birds

To a place without fear
with no moonlight
all I need are trees and
flowers and some sunlight
where memories are being made
and where the old one dies
where love ain't lost

Birds falling down the rooftops
out of the sky like raindrops
no air, no pride
birds

Holland

Titill: Birds

Flytjandi: Anouk

Lag/texti: Anouk/Tore Johansson, Martin Gjerstad

Hollendingar tefla fram einni af sinni helstu söngkonum í ár, Anouk, en hana ættu margir að þekkja fyrir smellinn Nobody's Wife frá árinu 1997. Það lag náði inn á topp vinsældarlista margra landa í álfunni en þó hefur ekki farið jafnmikið fyrir Anouk utan landsteinanna síðan þá. Hún hefur þó ekki setið auðum höndum og hefur átt blómlegan feril heima fyrir, auk þess sem hún hefur unnið með útgefendum ekki minni listamanna en Michael Jackson, Alanis Morissette, Mary J. Blige og fleiri. Þá hefur textahöfundurinn, Tore Johansson, stundum verið kallaður einn af upphafsmönnum hinnar svokölluðu indie-tónlistarstefnu en hann hefur meðal annars samið lög fyrir The Cardigans og Franz Ferdinand.

- Sætt lag. Mjög sætt. Og hún er örugglega einn besti söngvari ársins. En meira en „sætt“ get ég ekki sagt. Ég get bara ekki ímyndað mér hvernig það mun líta út og hljóma á sviðinu. En Hollendingar eiga skilið að komast áfram á úrslitakvöldið. Ekki spurning. (14. sæti af 39 lögum) (Charles Gittins)

- Uppáhalds lagið mitt í ár. Hefði passað vel sem titillag í James Bond-mynd. Verður að fara áfram. (Gísli Ólason Kærnested)

Solayoh

Friday night
was going nowhere...
Sitting in a small café,
Feeling lonely, a little tired,
I've been working hard all day.

Then a noise caught my attention,
And I heard a wonderful sound;
Coming at me like a tsunami,
Nearly took my feet
off the ground.

A rush of excitement
flowed into my ears.
Oh, beautiful people,
ah ha-hi ha-hi-ha! (x2)

Solayoh, Solayoh, where the sun is
always shining on ya.

We play-oh, we play-oh to the
rhythm of a cha-cha.

Solayoh, Solayoh, turn the music up,
it's gonna get ya.

We play-oh, we play-oh, we can make
it into a hot night.

Situation started improving.
Maybe this was kismet now.
And my body started moving,
I was really shaking down.

Something happened
when I was dancing,
I could feel that powerful beat,
Taking me to new dimensions,
Waking up the devil in me.

A heavenly chorus
and love all around.
Oh, beautiful people...

(Viðlag)

It feels like I'm dreaming,
this word makes no sense.
Let's sing it again now, "Ah ha-i!"

(Viðlag)



Hvíta-Rússland



Titill: Solayoh

Flytjandi: Alyona Lanskaya

Lag/texti: Martin King/Marc Paelinck

Þegar Hvítrússar höfðu valið framlag sitt í ár grínuðust margir með það hvort þeir ættu eftir að fá valkvíða eins og síðastliðin þrjú ár og skipta um lag (gerðu það reyndar líka árið 2005). Það þurfti því engan að undra þegar þeir gerðu einmitt það, eina ferðina enn!

Söngkonan Alyona, sem nú varð fyrir valinu, getur þó sátt við unað því í fyrra var það hún sem var látin víkja fyrir hljómsveitinni Litesound, af vafasömum ástæðum, þrátt fyrir að hafa sigrað söngvakeppnina þar í landi. Í ár sigraði hún keppnina á ný með laginu Rhythm of Love og fær vissulega að fara til Malmö. Laginu var hins vegar skipt út fyrir lagið Solayoh – kannski bara til að halda í hefðirnar?

- *Looking forward to dance to that song. (Anthony Cige)*

- *Þetta lag er fulltrúi alls þess sem ég hata um þróun söngvakeppninnar síðustu árin. Lélegar eftirhermur á einhvers konar Miðjarðarhafs sumarlagi, á þriggja ára barns ensku. Hryllilegt! (34. sæti af 39 lögum) (Charles Gittins)*

Only love survives



All our lives
We've been afraid
Watching the world decline
Till nothing remains
But in our darkness hour
Right before the dawn
The old world die
The new day is born

We're gonna live like it's
our last night alive
And we're dancing till
the morning light
And even if the sun don't rise
In the end only love survives

So be love
Be love
Just be love (just be love)
Only love (only love)
We are love (we are love)
Only love (only love)
And when the stars are aligned
You got to make love your state of
Mind 'cause in the end
Only love survive

So let the world collide
Don't be afraid
If it's the end of time
Love will remain
To live like it's the last night alive
And we're dancing
till the morning light
And even if the sun don't rise
In the end only love survives

(Viðlag)

So make love (be love)
Only love love love
Cause in the end
only love survives



Lag: Only Love Survives

Flytjandi: Ryan Dolan

Lag/texti: Wez Devine, Ryan Dolan

Það var mikil spenna í forkeppni Íra, þar sem það réðist á síðasta atkvæði hver mundi vinna. Það kom í hlut Ryan Dolan að freista þess að leika sama leik og Jedward og ná í úrslit Eurovision. Þessi ungi söngvari, sem jafnframt semur lagið, kemur frá Norður-Írlandi en hann hefur meðal annars verið bakraddasöngvari fyrir Jedward tvíburana. Hann er af mörgum talinn vera næsta stóra stjarna Íra og hafa til að mynda yfir 800.000 skoðað síðuna hans á Youtube. Maðurinn á bak við tjöldin í ferli Ryans er Stuart O'Connor en hann hefur einnig haft Jedward á sínum snærum. Írar er sigursælasta þjóð Eurovision sögunnar en eftir að símakosningin var tekin í notkun hafa þeir ekki riðið feitum hesti frá keppninni.

- Það er eitthvað sem heillar við framlag Íra í ár. Flytjandanum vil ég líkja við Enrique Iglesias. Lagið er þínu væmið en ég held það fari í úrslit og mun sviðsframkoman skipta máli. (Henný Árna)

- Love it! Wouldn't it be great if the Eurovision returned to Ireland next year? This song might be Dublin's ticket. 12 points from moi. (Bastien Venturi)

Ég á líf



Lagði ég af stað
í það langa ferðalag
Ég áfram gekk í villu eirðarlaus
Hugsaði ekki um neitt,
ekki fram á næsta dag
Einveru og friðsemdina kaus

Ég á líf, ég á líf
yfir erfiðleika svíf
Ég á líf, ég á líf vegna þín
þegar móti mér blæs,
yfir fjöllin há ég klíf
Ég á líf, ég á líf, ég á líf

Ég skildi ekki ástina
sem öllu hreyfir við
Þorði ekki að faðma og vera til
Fannst sem ætti ekki skilið
að opna huga minn
Og hleypa bjartri ástinni þar inn

Ég á líf, ég á líf
yfir erfiðleika svíf
Ég á líf, ég á líf vegna þín
þegar móti mér blæs,
yfir fjöllin há ég klíf
Ég á líf, ég á líf vegna þín

Og ég trúí því, já, ég trúí því
Kannski opnast
fagarar gáttir himins
Yfir flæðir fegursta ástin
Hún umvefur mig alein

Ég á líf... yfir erfiðleika svíf
Ég á líf, ég á líf vegna þín
þegar móti mér blæs,
yfir fjöllin há ég klíf
Ég á líf, ég á líf vegna þín

Ég á líf, ég á líf, ég á líf



Titill: Ég á líf

Flytjandi: Eypór Ingi

Lag/texti: Örlygur Smári & Pétur Örn Guðmundsson

Það er mjúki rokkarinn Eypór Ingi sem mun bera fána Íslands í Malmö og það á íslensku – í fyrsta sinn í 16 ár! Íslendingar eru reyndar ekki þeir einu sem hafa ákveðið að syngja á móðurmálinu því það mun um helmingur þátttakenda í ár gera. Þó engin af hinum Norðurlandþjóðunum, en Ísland er líka eina landið í þeim hópi sem teflir fram ballöðu í ár. Ég á líf er líka fyrsta ballaðan úr smiðju Örlygs Smára sem við sendum í Eurovision en eins og frægt er samdi hann einnig framlag Íslendinga árin 2000 (Tell me), 2008 (This is my life) og 2010 (Je ne sais quoi), ýmist sjálfur eða í samstarfi við aðra. Lagið í ár samdi hann einmitt með Pétri Erni Guðmundssyni sem hefur staðið oftast á Eurovision-sviðinu en flestir, sem bakrödd, alls fimm sinnum! Síðastliðin fimm ár hefur Ísland komist upp úr undankeppninni, eftir að hafa verið þrjú ár úti í kuldanum þar á undan. Hvernig sem fer í ár þá er ljóst að íslenska sendinefndin er skipuð reynsluboltum sem munu án alls efa gera sitt allra besta.

- Beautiful even though usually don't like ballads. Again an acquired taste for me. (Anthony Cige)

- Stoltur af framlagi Íslands í ár, algjörlega. Verður þó seint með í toppbaráttu, en landi og þjóð til sóma. Áfram Eypór! (Doddi Jónsson)

Rak Bishvilo

Shuv ba'leylot otzer
ha'geshem tipotav
Od menasa lignov chiuch
mi bein sfatav
Kama shtikot omrot
vekama mastirot
Kama emet notra bein kol
ha'tehiyot

Rak bishvilo uchal
lishcoa'ch et hakor
Uvizchuto emtza
ba'chosech et ha'or
Rak bishvilo, elech
echtze et ha'gvulot
Rak ito eda tshuvot la'she'elot

(Viðlag endurtekið)

Shuv bayamim eshmo
mabat cham ve'otef
Od menasa panav
be'sheket lelatef
Kama dma'ot chalfu
ve'kama nisha'ru
Kama tikvot nivnu
ve'kama nishberu

(Viðlag x2)

Shuv bayamim eshmo
mabat cham ve'otef
Od menasa panav
be'sheket lelatef

(Viðlag x2)



Ísrael

Titill: Rak Bishvilo

Flytjandi: Moran Mazor

Lag/texti: Hen Harari/Gal Sarig

Moran Mazor á rætur sínar að rekja til Georgíu en foreldrar hennar fluttust til Ísrael fyrir fjörutíu árum. Moran, sem nú er 21 árs, byrjaði að syngja af nokkurri alvöru um 12 ára aldur og þegar hún var 17 ára komst hún að í hljómsveit ísraelska flughersins – hvað sem í því felst. Feril sinn á hún þó að mestu leyti að þakka sigri í stjörnuleitarkeppni árið 2011. Líkt og oft áður var hún með týpuglaraugun sín á nefinu þegar hún sigraði Kdam, ísraelsku söngvakeppnina, en þess má til gamans geta að flytjendur Makedóníu og Ungverjalands skörtuðu svipuðum gleraugum á sviðinu í heimalandinu. Hér gæti því verið komið eins konar þema ársins 2013.

